

sýni með því að standast próf fyrir kennendum skólans, að hann hafi á annan hátt aflað sjer nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar. Þó gildir skilyrði þetta ekki fyrir þá, sem hafa verið kennarar við barnaskóla eða haft á hendi sveitakennslu.

2. að nemendur sjeu fullra 18 ára að aldri, og hafi óspillt mannorð. Yngri nemendur en 18 ára má þó veita móttöku með sjerstöku leyfi stiptyfirvaldanna.

3. gr.

Kennslugreinir eru þessar:

- A. 1. Uppeldisfræði.
2. Uppeldisiðnaður (Slöjd).
3. Teiknun.
- B. Verklegar kennsluæfingar í:
1. Kristindómi
2. Náttúrufræði
3. Landafræði
4. Reikningi
5. Íslenzku (lestri, stafsetning o. s. frv.)
6. Skript.

4. gr.

Við lok kennslunnar ár hvert skal halda opinbert próf með 2 prófdómendum, og skulu við prófið gefnir 2 aðalvitnisburðir, annar fyrir bóklega þekkingu í uppeldisfræði, en hinn fyrir verklega kennslu í þeim námsgreinum, sem ákveðið er að barnaskólakennarar og sveitakennarar veiti tilsögn í; vitnisburðirnir eru ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er jafngilda tölunum 6, 5, 4, 3, 2, 1, og má ákveða einkunnirnar fyrir neðan 6 nákvæmar með brotunum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$.

Þeim lærisveinum, sem standast prófið, skal gefa skriflegt burtfararskirteini, og í því tilgreina einkunnir þær, er þeir hafa fengið. Til þess að standast prófið þurfa nemendur að fá að minnsta kosti aðaleinkunnina vel í hvorri deild þess.

5. gr.

Forstöðumaður Flensborgarskólans skal árlega að afloknu prófi senda stiptyfirvöldunum skýrslu um kennsluna og próf það, er haldið hefur verið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 1. febrúar 1892.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur

10

yfir tekjur og gjöld gullbrúðkaupslegats Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans Þórunnar Hannesdóttur árið 1891.

Tekjur:

	kr. a.	kr. a.
1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1891 B. 3. bls.):		
a. óuppsegjanlegum skuldabréfum	2400 00	
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	232 73	3132 73
2. Ársvextir:		
a., af ríkisskuldabréfum til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ 91 á $3\frac{1}{2}$ 0/0	84 00	
b. af fje í landsbankanum til $\frac{31}{12}$ 91	24 60	108 60
Samtals:	3241 33	

